

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í Árnesi 29. október 2024, kl. 15:00

1. Formaður setur fundinn.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Hér var gengið til dagskrár:

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Hulda Kristjánsdóttir lagði til að Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps verði fundarritari og hún sjálf fundarstjóri.
Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins 2023.

Hulda Kristjánsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu fóru að því loknu yfir helstu atriði í starfseminni ásamt tölulegum upplýsingum frá árinu 2023.
Fundarmenn ræddu ýmis atriði er varða þjónustuna og reifuðu hugmyndir um þróun þjónustunnar til framtíðar. Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs

Deildarstjórar lögðu endanleg drög að fjárhagsáætlun fyrir stjórn á fundi 28. október. Stjórn samþykkti að framlögð fjárhagsáætlun yrði lögð fyrir aðalfund. Deildarstjórar fóru yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun.
Fjárhagsáætlun ársins 2025 borin upp og samþykkt samhljóða. Verður áætlunin nú send til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar í hverri sveitarstjórn.

5. Tillaga um breytingu á stofnsamningi

Fyrir aðalfundi liggur tillaga frá deildarstjórum um breytingu á stofnsamningi. Deildarstjórar kynntu efni og innihald tillögunnar sem snýr af því að fagnefnd verði lögð niður og verkefni nefndarinnar færð til stjórnar byggðasamlagsins..
*Lögð var fram tillaga um að afgreiðslu tillögunnar verði frestað og henni vísað til stjórnar og í framhaldinu til afgreiðslu á næsta aðal- eða aukaáðalfundi SVÁ.
Tillagan um frestun borin upp og samþykkt samhljóða.*

6. Ráðning löggilts endurskoðanda

Formaður leggur til að KPMG sjái um endurskoðun og gerð ársreiknings byggðasamlagsins á árinu 2024 líkt og árið 2023.
Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar fór yfir bókun stjórnar frá 22. október 2023 þar sem stjórn samþykkti að leggja til við aðalfund að mat á kostnaði við málefni fatlaðs fólks og skiptingu kostnaðar í þeim málaflokki á milli sveitarfélaga fari fram á árinu 2025 í stað 2024 líkt og ákvæði til bráðabirgða í stofnsamningi kveður á um.

Tillaga formanns samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:03

Aldís Hafsteinsdóttir, fundarritari